



Sveitarstjórnarfundur 6. nóvember 2024

Miðvikudaginn 6. nóvember 2024 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 25. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Halldór Logi Friðgeirsson, Ísabella Benediktsdóttir, Hildur Aradóttir og Arnlín Óladóttir.

Oddviti setti fund kl. 20:00.

Hildur Aradóttir ritar fundargerð á tölvu.

Hildur Aradóttir leitar afbrigða sbr. lið nr. 9

Dagskrá 25. fundar:

1. Fundargerð 24. sveitarstjórnarfundar 25.09.2024
2. Fundargerðir nefnda
3. Aðrar fundargerðir
4. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum 2024 – 2035
5. Erindi til sveitarstjórnar
6. Framkvæmdir 2025
7. Bréf frá Skógræktarfélagi Íslands
8. Skipun í verkefnaáð Landsnets
9. Endurskoðun nefnda í Kaldrananeshreppi

Fundargerð:

1. Fundargerð 24. sveitarstjórnarfundar 25.09.2024.

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

2. Fundargerðir nefnda

- a. Fundargerð fræðslunefndar 02.10.2024

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

Brugðist verður við liðum 2 og 5.

Skrifstofustjóra og oddvita falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

3. Aðrar fundargerðir

- a. Þinggerð 69. Fjórðungspings Vestfirðinga að hausti. 18.-19.10.2024.

Þinggerð lögð fram til kynningar.

- b. Samband íslenskra sveitarfélaga, 952. fundur stjórnar, 27.09.2024.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

- c. Samband íslenskra sveitarfélaga, 953. fundur stjórnar, 25.10.2024.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

4. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum 2024 – 2035

Fyrir liggur svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum 2024 – 2035 en

samkvæmt 6. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum, skal sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu, „*semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn og skal sú áætlun fylgja stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsförvarnir*“.

Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn samþykkir svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum 2024 – 2035.

Skrifstofustjóra falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

5. Erindi til sveitarstjórnar

Erindi barst til sveitarstjórnar varðandi framkvæmdir í Kaldrananeshreppi.

Erindi lagt fram til kynningar.

Skrifstofustjóra falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

6. Framkvæmdir 2025

Sveitarstjórn ræðir þær framkvæmdir sem huga þarf að á árinu 2025.

Þær framkvæmdir sem ræddar voru:

- Hitaveita norðan við Drangsness
- Uppbygging á Vitavegi
- Björgunarmiðstöð
- Iðnaðar- og þróunarsvæði
- Gangstéttir á Drangsness
- Viðhald Sundlaugarinnar á Drangsnesi
- Viðhald fasteigna í eigu Kaldrananeshrepps
- Viðhald skólalóðar Grunnskóla Drangsness og uppbygging nýs leikvallar
- Viðhald hafnarmannvirkja
- Slökkvilið Kaldrananeshrepps
- Ferðamannaaðstaða
- Uppbygging skólamannvirkja

Framkvæmdir ræddar og vísað til vinnu vegna fjárhagsáætlunar 2025.

Skrifstofustjóra falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

7. Bréf frá Skógræktarfélagi Íslands

Bréf barst frá Skógaræktarfélagi Íslands en þar hvetur stjórn umrædds félags, ríki og sveitarfélög til þess að fylgja eftir vörsluskyldu búfjár.

Bréf lagt fram til kynningar.

8. Skipun í verkefnaráð Landsnets

Landsnet undirbýr nú tengingu Hvalárvirkjunar suður í Kollafjörð. Landsnet býður völdum hagaðilum að tilnefna fulltrúa í verkefnaráð og óskar eftir því að Kaldrananeshreppur tilnefni fulltrúa og varafulltrúa.

Sveitarstjórn tilnefnir Finn Ólafsson sem fulltrúa Kaldrananeshrepps í verkefnaráð Landsnets og Halldór Loga Friðgeirsson til vara.

Skrifstofustjóra falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

9. Endurskoðun nefnda í Kaldrananeshreppi

Fyrir liggur fyrirspurn er varðar endurskoðun nefnda- og embættisskipan í Kaldrananeshreppi þeirra nefna- og embættismanna sem hafa flutt lögheimili sitt úr sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn tekur vel í erindið og skipar eftirfarandi:

Ísabellu B. Petersen sem varamann kjörstjórnar til sveitarstjórnar- og alþingiskosninga

Hildi Aradóttur sem varamann byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar

Stephan Kalt sem varamann fræðslunefndar

Hildi Aradóttur sem varamann velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps

Hildi Aradóttur sem fulltrúa í stjórn Laugarhóls ehf.

Endurskoðun nefnda- og embættisskipan lögð fram.

Skrifstofustjóra falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið klukkan 23:05